Kennari	Rannveig Karlsdóttir	**Sk.st.**	RAN

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á tengsl máls, bókmennta og þjóðfélags frá siðaskiptum fram yfir aldamótin 1900. Nemendur lesa valda texta tímabilsins sem vekja athygli þeirra á því hvernig bókmenntirnar spegla þjóðfélagsaðstæður og menningarlíf, tíðaranda, strauma og stefnur á tímum lærdómsaldar, upplýsingar, rómantíkur og raunsæis. Áhersla er einnig á að nemendur fái tækifæri til að tjá sig í ræðu og riti um einstök verk og höfunda þeirra.

Markmið:

Að nemandi:
-skilji hvað felst í hugtökunum lærdómsöld, upplýsing, rómantík og raunsæi þegar fjallað er um bókmenntir og lesi texta frá þessum tímabilum.
-átti sig á einkennum þeirra og tengi þau við fortíð og nútíð í verkefnavinnu.
-geti gert grein fyrir nokkrum helstu höfundum og verkum tímabilsins.
-geti greint algengustu stílbrögð í texta, bæði í bundnu og óbundnu máli.
-þjálfist í að tjá sig í ræðu og riti um valin verk og höfunda.
-fái tækifæri til að nýta sér fræðsluefni eða listrænt efni í hljóð- og myndformi, t.d. efni á myndböndum, geisladiskum, snældum og margmiðlunarefni, sem unnið hefur verið í tengslum við bókmenntir tímabilsins.
-notfæri sér möguleika á fjölbreyttum verkefnaskilum s.s. í myndrænu eða hljóðrænu formi.

Námsgögn:
Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900. Útgáfu önnuðust Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson. (Útg. 2005 eða síðar).
Piltur og stúlka eftir Jón Thoroddsen í útgáfu Bjarts frá 2008.
Ítarefni á bókasafni VMA, frá kennurum og nemendum.

Áætlun um yfirferð:

1. lota (u.þ.b. 5 vikur)
Lærdómsöld og upplýsingaröld: Hugað að helstu einkennum tímabilsins, höfundum og verkum. Sérstök áhersla lögð á að draga fram einkenni tímabilanna, trúarlega hugmyndafræði og hugmyndir upplýsingar og áhrif á íslenskt samfélag. Lesin sýnishorn af trúarlegum og veraldlegum textum og unnin ýmis konar verkefni (15%).

2. lota (u.þ.b. 5 vikur)
Rómantíska stefnan: Megináhersla lögð á einkenni stefnunnar, breytta hugmyndafræði varðandi skáldskapinn, viðhorf til lands og þjóðar, yrkisefni og þann sérislenska svip sem sjálfstæðisbaráttan setur á rómantíkina. Skáldsagan *Piltur og stúlka* lesin, tekið úr henni krossapróf (7%), og unnin verkefni (8%).
Auk hennar verða lesnir ýmsir aðrir textar frá tímabilinu og nemendur vinna verkefni þar sem verkefnaskil verða með fjölbreyttum hætti (15%) og ljóðaverkefni (5%).

3. lota (u.þ.b. 3 vikur)
Raunsæið: Helstu einkenni stefnunnar skoðuð og lesnir textar þar sem lögð er áhersla á þjóðfélagslega gagnrýni sem var áberandi hjá höfundum stefnunnar. Unnin verkefni úr smásögum tímabilsins (10%).

Verkefni og próf á önninni/námsmat og vægi námsþátta:

Verkefni annarinnar gilda samtals 60%, en nemendur hafa nokkurt val um form á skilum. Áhersla verður á persónulega úrvinnslu og framsetningu verkefna.

Verkefni úr lærdóms- og upplýsingaröld	15%
Próf og verkefni úr *Pilti og stúlku*	15%
Verkefni úr rómantík	20%
Verkefni úr raunsæi	10%
Lokapróf	40%

Annað:
Til að einkunnir fyrir verkefni annarinnar fáist metnar þarf að ná a.m.k. 4.0 á lokaprófi áfangans. Nemandi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur vinnuskil, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn/rétt til skila. Þeir nemendur sem missa af prófum/tímaverkefnum, vegna gildra ástæðna, eiga kost á því að vinna það upp, að höfðu samráði við kennara, einhvern af næstu 5 kennsludögum eftir próf-/matsdag. Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**